

álitu réttarins brotið gegn 177. gr. sbr. 174. og 175. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, eftir atvikum með hliðsjón af 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 18 mánaða betrunarhúsvinna.

Þá ber og að dæma ákærðan til að greiða allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í málinu, Hinriks Jónssonar lögfræðings, er þykja hæfilega ákveðin 150 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Gísli Stefánsson, sæti betrunarhúsvinnu í 18 mánuði.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í málinu, Hinriks Jónssonar lögfræðings, 150 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. janúar 1938.

Nr. 106/1937. Réttvísir (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Guðbjörgu Kristínu Sölvadóttur

(Lárus Jóhannesson).

Þjófnaðarmál.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson
í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Við rannsókn máls þessa hefir verið vanrækt að láta meta til peningaverðs reiðhjól það, sem ákærða tók á Grettisgötunni í septembermánuði 1936 og um ræðir í málinu. Var þó sérstök nauðsyn á því, að mat færi fram, þar sem sekt eða sýkna ákærðu gat verið undir því komin, samkvæmt 6. gr. laga nr. 51/1928,

hvort verð reiðhjólsins nam á ofangreindum tíma 30 krónum. Um reiðhjól þetta er það upplýst, að eigandi þess hafði keypt það á viðgerðarverkstæði hér í bænum, að því er ætla verður, notað, en um aldur þess og ástand að öðru leyti liggja engar upplýsingar fyrir. Ekki er unnt að gera ráð fyrir, að héðan af sé mögulegt að afla áreiðanlegra upplýsinga um verð reiðhjólsins í september 1936, og þykir því ekki gerlegt að fyrirskipa framhaldsrannsókn um þetta atriði.

Þar sem þannig ekki er upplýst, að verð reiðhjólsins hafi numið 30 krónum á þeim tíma, er ákærða sló eign sinni á það, og eigandi þess hefir ekki krafizt, að henni yrði refsað fyrir verknaðinn, þá brestur skilyrði samkvæmt fyrrnefndri 6. gr. lag nr. 51/1928 fyrir því, að refsing verði dæmd, og ber því að sýkna ákærðu af kröfum réttvísinnar í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður að leggja á ríkissjóð greiðslu alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða, Guðbjörg Kristín Sölvadóttir, á að vera sýkn af kærnum réttvísinnar í máli þessu. Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 krónur til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. júní 1937.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Guðbjörgu Kristínu Sölvadóttur verkakonu, til heimilis á Grettisgötu 51 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Ákærða er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 1. marz 1884, og hefir ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Samkvæmt eigin játningu ákærðu og öðrum gögnum, er fram hafa komið, eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Snemma morguns í september s. l. var ákærða á gangi inn Grettisgötuna á leið til vinnu sinnar. Var ekki orðið bjart af degi og rigning var og blautt, og enginn sjáanlegur á ferli. Sá hún þá reiðhjól liggja utan í götubrúninni og datt henni í hug að stela því og framkvæmdi það þá þegar.

Tók hún reiðhjólið og leiddi það við hlið sér heim til sín og setti það þar inn í geymslu. Þar var svo reiðhjólið þar til sonur hennar kom í bæinn í marz í vetur, en þá lét ákærða hann fá það og sagði honum, að hún hefði keypt það á uppboði hjá lögreglunni. Reiðhjól þetta er nú komið í hendur réttis eiganda, og hefir engin skaðabótakrafa komið fram í máli þessu. Ákærða hefir sýnt allmikla tregðu við að meðganga þetta brot sitt og sat í gæzluvarðahldi vegna rannsóknar máls þessa frá 14.—16. þ. m.

Framanritað brot ákærðu ber að heimfæra undir 6. gr. laga nr. 51 7. maí 1928, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga.

Henni ber að greiða allan sakarkostnað. Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða, Guðbjörg Kristín Sölvadóttir, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga. Hún greiði allan sakarkostnað. Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.